

Verkefni: Stjórnarfundur Gíggunnar
Dagsetning fundar: 13. september 2011.
Tímasetning fundar: kl. 18:00 – 20:00
Fundarstaður: Súfistinn Hafnarfirði

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	formaður	Mætt
Sigurborg Sigurðardóttir (SS)	varaformaður	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Anna Inga Grímsdóttir (AIG)	gjaldkeri	Mætt
Anna Laxdal Þórólfsdóttir (ALÞ)	meðstjórnandi	Mætt
Ragnheiður Helgadóttir	varastjórn	Mætt

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Umsókn í Gígguna.

Fjórðurnar hafa sótt um aðild að Gíggunni. Þær eru kór sem samanstendur af frænkum. Umsóknin þeirra var samþykkt á fundinum. AG ætlar að senda þeim staðfestingu á aðild og skrá þær síðan inn á aðildarkórasíðu Gíggunnar.

3. Opið bréf til fjölmiðla.

Á formannafundinum, sem haldinn var á Landsmóti kvennakóra í vor, var ákveðið að senda opið bréf til fjölmiðla. AG sendir þetta bréf á alla formenn þeirra kóra sem eru í Gíggunni. Síðan þarf að fá undirskriftir formanna á aðalfundi Gíggunnar og senda á fjölmiðla.

4. Tónleikar í Hörpu árið 2012.

Á formannafundinum í vor voru ræddir jólatónleikar í Hörpunni (Eldborgarsal) á árinu 2012. Það voru mjög góðar undirtektir en ekki búið að festa dag. Ný stjórn Gíggunnar mun athuga með þessa tónleika og þá ákveða í samráði við Margréti Pálma og Margréti Bóasdóttur hvaða dagsetning yrði og hvernig best væri að standa að tónleikunum.

5. Tónverkasjóður.

Rætt var um að athuga með styrk hjá Hlaðvarpanum til að styrkja Gígguna í að semja lög fyrir kvennakóra. Athuga þarf hvort það þurfi að vera sérstakt verk sem sækja þarf um eða hvort hægt sé að sækja um styrk til að setja í sjóðinn, þar sem kvennakórar eru menningarstarfsemi kvenna. Einnig þarf að finna út hvenær er úthlutað úr sjóðnum.

6. Jólalag Gígjunnar.

AG ætlar að senda út póst til kóranna um hvort aðildarkórarnir ætli sér að frumflytja jólalag Elínar Gunnlaugsdóttur í ár. Gígjan hefur frumflutningsrétt til áramóta 2011.

7. Lógó Gígjunnar.

Skoðaðar voru tillögur sem ALÞ kom með sem lógó fyrir Gígjuna. Gréta Ösp hjá Hvíta húsinu hefur gert þessar tillögur. Eitt lógó var samþykkt og mun það verða kynnt á aðalfundi Gígjunnar 22. október n.k. AG og ALÞ verða í sambandi hvað varðar lógó Gígjunnar þ.e. til að hægt verði að setja það inn á heimasíðu Gígjunnar.

8. Aðalfundur Gígjunnar.

Ákveðið var að halda aðalfund Gígjunnar þann 29. október kl. 14:00. SH sendir út fundarboð, sem þarf að fara í póst mánuði fyrir aðalfundinn. AG ætlar að hafa samband við Domus Vox um að fá salinn hjá þeim fyrir fundinn. Stjórnin þarf að athuga með hugmyndir að efni á aðalfundi. Skoðaðar verða tillögur sem komu upp á síðasta ári ásamt nýjum tillögum. Stjórnin verður í sambandi á netinu er varðar þetta mál. Einnig þarf að hafa samband við stjórnir aðildarkóranna um tilnefningar um konur sem kórarnir telja að eigi skilið að fá heiðursútnefningu Gígjunnar. AG tekur að sér að senda formönnum kóranna póst varðandi heiðurstilnefningar. Ákveðið var að afhenda Hrönn, sem var útnefnd heiðursfélagi á síðasta ári, styttna Hörpu eftir Ásmund Sveinsson. ALÞ ætlar að sjá um að versla styttnu fyrir aðalfundinn.

9. Vefsíða.

Heiða Gunnarsdóttir, sem er Gígjunni til aðstoðar varðandi málefni vefseturs sambandsins, ætlar að útbúa bréf til að senda á alla aðildarkórana hvað varðar nýjar myndir og fleira sem verið er að breyta á vefsíðu Gígjunnar.

10. Landsmót kvennakóra.

Fyrirspurn kom á formannafundinum um að Landsmót kvennakóra yrði haldið frá fimmtudegi til laugardags þannig að kórarnir gætu farið fyrr heim á sunnudegi. AG ætlar að kanna hjá formönnum kóranna vilja til þess að breyta þessu.

11. Stjórn næsta árs.

Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir, Anna Inga Grímsdóttir og Sigurborg Sigurðardóttir hafa tilkynnt að þær muni ganga út úr stjórn á næsta aðalfundi. Anna Laxdal Þórólfsdóttir er tilbúin að taka að sér formannsembætti Gígjunnar á næsta tímabili. Ragnheiður Helgadóttir kemur inn í stjórn. Ekki er vitað með Ingibjörgu Viggósdóttir, en AG hefur samband við hana um hvort hún vilji koma inn í stjórnina. Það vantar því a.m.k. eina konu í stjórn og tvær til þrjár í varastjórn. Haft verður samband við kórana um tilnefningar.

Fleira ekki rætt og var fundi slitið kl. 20:00.

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir